

**Mál nr. 177/1999**

**M  
og**

**Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns**

**Ágreiningur um gildissvið slysatryggingar ökumanns  
vegna slyss þann 09.10. 1998.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27.07. 1999.
2. Skýrsla tjónþola dags. 30.10. 1998.
3. Tilkygning til vátryggingafélagsins dags. 06.11. 1998.
4. Afrit reikninga.
5. Læknisvottorð dags. 11.02. 1999.
6. Viðmiðunartaxti fyrir vörubifreiðar dags. 01.10. 1998.
7. Bréf lögmans tjónþola til vátryggingafélagsins dags. 30.03. 1999 og 07.06. 1999.
8. Bréf vátryggingafélagsins til lögmans tjónþola dags. 29.06. 1999.
9. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 10.08. 1999.
10. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 667/1999.

**Málsatvik.**

Tjónþoli máls þessa var ökumaður vörubifreiðar. Hann var að vinna við vörubifreiðina við Skúlagötu í Reykjavík við endurnýjun götunnar. Slysið varð með þeim hætti að búíð var að moka á bifreiðina og tjónþoli (hinn vátryggði samkvæmt slysatryggingu ökumanns) hafði ekið af stað þegar “moldarköggull á bílnum lagðist ofan á gaflinn aftast á bifreiðinni. Gaflinum var ætlað að varna því að farmurinn dytti af henni. Tjónþoli vildi koma kögglinum af bifreiðinni til að þurfa ekki að aka með hann út í umferðina, þar sem hann hefði ef til vill dottið á götuna.” Hann tók sleggju og sló í gaflinn aftast á bifreiðinni, “en þá vildi svo til að járnflís hrökk úr gaflinum í auga hans, svo að það skaddaðist.”

Tjónþoli rökstyður kröfu sína um bótaábyrgð samkvæmt slysatryggingu ökumanns með vísan til 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann hafi verið við starfa sinn sem ökumaður í umrætt sinn. Í málskotinu er vísað til dómariðkunar Hæstaréttar varðandi skýringu nefndrar 92. gr. umferðarlaga.

Vátryggingafélagið lætur þess efnislega getið að um gildissvið hinnar lögboðnu slysatryggingar ökumanns skv. 92. gr. umfl., eins og lagaákvæðinu var breytt með 2. gr. laga nr. 32/1998, skuli vátryggingin tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna. Félagið telur að gildissvið greinarinnar sé þrengra en áður var og verði að skoða eldri dómsúrlausnir í því ljósi. Félagið telur að slysið hafi ekki hlotist af notkun ökutækis eins og það er skilgreint í 88. gr. umferðarlaganna. Slysið verði ekki rakið til hreyfanleika bifreiðarinnar, þunga, vélarafis eða búnaðar hennar að öðru leyti. Félagið telur “háttalag málskotsaðila að berja á gaflinn til að koma moldarkögglinum af bílnum í hæsta máta óvenjulegt og nánast óútskýranlegt.” Félagið telur fjarri lagi að bifreiðin hafi verið í “venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið, þegar slysið bar að höndum”. Í því sambandi vitnar félagið til Hrd. 1995 bls. 1727 (gafllökudómurinn). Félagið telur þegar litið sé til Hrd. 1997 bls. 3287, verði slysið að hljóttast af akstri bifreiðarinnar eða af sérstökum búnaði hennar eða eiginleikum sem ökutækis eða flutningabifreiðar svo það teljist hafa hlotist af ökutæki í notkun. Í tilviki málskotsaðila hafi bifreiðin ekki verið í akstri eða á hreyfingu, þegar hann slasaðist. Slysið verði ekki heldur rakið til lyftubúnaðar fyrir pall bifreiðarinnar eða sjálfvirks eða vélknúins opunarbúnaðar á gafllöku á pallinum. Að engir sérstakir eiginleikar bifreiðarinnar sem ökutæki eða flutningabifreið hafi átt þátt í því að slysið varð. Félagið telur því ekki skilyrði til að fella slysið undir 92. gr. umferðarlaga.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 92. gr. umferðarlaga skal auk ábyrgðartryggingar skv. 91. gr. sömu laga, hver ökumaður sem ökutækinu stjórnar tryggður sérstakri slysatryggingu. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal vátryggingin tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. sömu laga.

Með þeirri lagabreytingu sem gerð var á gildissviði 92. gr. umferðarlaga með 2. gr. laga nr. 32/1998 var gildissvið slysatryggingar ökumanns þrengt og um leið betur afmarkað. Verður að skoða eldri dómsúrlausnir í ljósi þessa.

Að teknu tilliti til ofanritaðs og fyrirbyggjandi gagna telur nefndin ekki skilyrði til að fella umrætt slys undir 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt slysatryggingu ökumanns.

Reykjavík 7. september 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Guðmundur Pétursson hrl.

Jón Magnússon hrl.